„Alþjóðleg“ á okkar

Félag íslenskra teiknara fagnaði 50 ára afmæli sínu á síðasta ári en af því tilefni er efnt til fyrstu, heildstæðu yfirlitssýningar félagsins í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi. Tilgangur sýningarinnar er að segja sögu grafískrar hönnunar á Íslandi en ekki síður að veita sýn á þann samtíma og það þjóðfélag sem grafísk hönnun endurspeglar á hverjum tíma.

Saga þjóðarinnar á síðustu öld er skráð í táknum eins og skjaldarmerkinu, fjallkonunni, fánanum, fálkanum og í myndrænni framsetningu á peningaseðlunum, bókarkápunum, umbúðunum utan um mjólkina, kexið og grænu baunirnar, í auglýsingunum, dagblöðunum, sjónvarpsgrafíkinni og þannig mætti lengi telja. Í þessum myndum er sögð saga sem kannski hvergi annars staðar er sögð, saga um það hvernig Íslendingar sáu sjálfa sig og umhverfi sitt.

Á sýningu Listasafns Reykjavíkur verður grafísk hönnunarsaga á Íslandi rakin í gegnum hina ýmsu miðla og birtingarmyndir fram til dagsins í dag.

Efnisflokkar á sýningunni spanna vítt svið allt frá spegilmynd liðins tíma í formi auglýsinga, áróðurs, peningaseðla, umbúða og myndskreytinga, frá fyrstu sjónvarpsgrafíkinni, sjónvarpsauglýsingunum, bókunum og prentefninu til þess ferskasta sem á sér stað í grafískri hönnun í dag.

Eftir Þröst Helgason
throstur@mbl.is

Blaðamaður ræddi við Guðmund Odd Magnússon, prófessor við hönnunardeild Háskóla Íslands, en hann hefur átt þátt í undirbúningi sýningarinnar.

Daglegir hlutir segja sína sögu

Grafísk hönnun er alls staðar fyrir augum okkar en við veitum henni kannski sjaldan sérstaka athygli. Er þetta ekki kjarninn í viðtöku á þessum hluta menningar okkar? Hefur þetta hugsanlega einhver áhrif á það hvernig þið hugsið og setjið upp þessa sýningu?

„Já, það er skrýtin mótsögn að það sem er hannað til að ná sem mestri athygli nær sjaldan sérstakri athygli en samt alltaf þegar við ætlum okkur að sjá, lesa og skilja. Auðvitað fara samt grafísk skilaboð inn þótt við séum ekki að hugsa um þau sérstaklega t.d.

umferðarskilti, peningaseðlar o.þ.h. Nú, það sem er daglega fyrir augum okkar eins og mjólkurfernur, hættum við einfaldlega að lesa í vegna þess að þær eru alltaf þarna. En þær verða sérkennilegur hluti undirmeðvitundar okkar.

Þetta kemur berlega í ljós þegar við stöndum frammi fyrir mjólkurhyrnum – þessum þríköntuðu frá sjöunda áratugnum sem við vorum búinn að steingleyma. Þær geta slegið mann út af laginu – tilfinningatengingarnar verða svo miklar. Styrkur umbúða hangir líka á tíma og staðsetningu. Guli miðinn á dósum með grænum baunum frá Ora hefur gífurlega þýðingu fyrir utan landsteinana – á jólum erlendis ígildi gulls.

Daglegir hlutir liðins tíma hafa ótrúlega sterkar tilvísanir og þessi sýning er bókstaflega um það og reyndar ýmislegt annað.“

Frá fjallkonu til pómós

Sýningin mun kannski ekki síður veita innsýn í sjálfsmynd Íslendinga á mismunandi tímum síðustu aldar en þróun hönnunar?

„Einmitt. Sýningin fjallar um myndræna framsetningu inntaks, umbúða, peninga, frímerkja og merkja. Myndræn framsetning á prenti er ansi fátækleg þar til með tilkomu myndmóta. Það gerist á svipuðum tíma og þéttbýlismyndun og sjálfstæðisbaráttan hefst. Grunnurinn að myndmáli þjóðernisrómantíkurinnar kom fram hjá Benedikt Gröndal. Hann dregur fyrst upp fjallkonuna og landvættina á 1.000 ára minningarbréfi Íslands árið 1874. Fjallkonan átti systur um alla Evrópu. Hún var táknmynd lýðveldissinna gegn konungsveldi. Hugmyndin að fálkanum kom líka fram á þjóðhátíðinni 1874. Það var hins vegar Sigurður málari Guðmundsson sem teiknaði hann. Myndmálið var frekar fátæklegt í upphafi og svipað á nánast öllum hlutum. Fjallkonumyndin birtist ekki bara á peningum heldur líka á umbúðum fyrir súkkulaði, kaffi, mentoltöflur, leðurfeiti og skósvertu.

Fálkinn var ekki bara merki heimastjórnarinnar heldur birtist hann líka á fjölmörgum merkjum félaga og fyrirtækja. Teiknarar voru ekki til hér sérmenntaðir og er mikið af þessu teiknað og prentað erlendis í fyrstu. Fyrstu teiknararnir sem eitthvað kvað að voru iðnaðarmenn eins og tréskurðarmeistarar. Það má nefna Stefán Eiríksson sem teiknaði t.d.

hlutabréf Eimskipafélagsins. Fyrstu umbúðamiðarnir tengjast efna- og ölgerðum. Sumir þeir fyrstu eru enn notaðir nánast óbreyttir í dag eins og á Maltextrakt. Sá miði er frá 1913. Þjóðernismyndmálið fer á fleygiferð í kringum Alþingishátíðina 1930. Á árunum á undan verður til fyrsti alvöruteiknarinn, Tryggvi Magnússon. Hann teiknaði mikið fyrir hátíðina, til dæmis héraðs- og sýslumerkin sem ekki voru til fyrr en þá. Fyrstu sérmenntuðu teiknararnir fara svo til náms til Kaupmannahafnar og þeir sem setja mestan svip við heimkomuna voru systkinin Ágústa Pétursdóttir Snæland og Halldór Pétursson, Stefán Jónsson og Jörundur Pálsson. Atli Már og Ásgeir Júlíusson koma heim aðeins síðar. Borgarmyndun er hafin og flugið einnig sem lagði grunn að ferðamennsku og ímyndarsmíði. Sjötti áratugurinn bar með sér mikil amerísk áhrif. Módernisminn nær svo fótfestu seint á þeim áratug og svo poppið og pómóið eða póstmódernismi.“

Markviss ímyndasmíð

Mig langar til að skoða aðeins nánar skilin sem verða þegar menntaðir teiknarar koma til sögunnar. Voru þeir fyrst og fremst fagmenn hvað handverkið varðar eða má segja að þeir kynni til sögunnar markvissa ímyndasmíði hér á landi?

„Þegar þessir fyrstu teiknarar koma eru þeir fyrst og fremst handverksmenn. Þau læra flest við Kunshåndværkerskolen í Kaupmannahöfn. En þau kynna einnig til sögunnar markvissa ímyndarsmíði. Jörundur með ÁTVR, Stefán teiknaði nánast öll frímerki þjóðarinnar í meir en áratug. Halldór bæði merki og auglýsingar fyrir Flugfélag Íslands og Loftleiðir. Hann gerir líka merki Reykjavíkurborgar. Atli Már hannaði fyrir Búnaðarbankann og Hörpu og margt fleira. En við skulum þó hafa í huga að markviss ímyndarsmíði með tengslum við markaðsfræðinga o.þ.h. verður varla til fyrr en með tilkomu stórra auglýsingastofa með verkaskiptingu. Það gerist á sjöunda áratugnum.

Þeir Atli og Ásgeir Júlíusson ráku auglýsingastofu saman. Hjá þeim unnu teiknarar innlendir og erlendir. En stórar auglýsingastofur eins og við þekkjum þær í dag byrjuðu með Gísla B. Björnssyni og Kristínu Þorkelsdóttur. Um það leyti byrjar líka kennsla í auglýsingateiknun við Myndlista- og handíðaskólann. Á þessum tíma verða breytingar í prentiðnaði sem kröfðust nýrra vinnubragða, það er offset-prentunin. Hún krafðist þess að



Fjallkonan *Hver og eldfjall. Höfundur ópekktur. Umbúðir fyrir kaffibæti, teiknað líklega um eða eftir aldamótin.*




Morgunblaðið/Kristinn



Harpa *Dagatal fyrir málningaverksmiðjuna Hörpu.*

Heimóttarskapur *„En það kaldhæðnislega er að þessi heimóttarskapur okkar er að verða eftirsóttur víða um heim vegna áhuga á samspili jaðarsvæða við miðjuna. Í honum birtist það sérstaka, sakleysi og heiðarleiki sem er vandfundinn í sviðsettum glóbalisma.“*



Merki Flugfélags Íslands *Höfundur Halldór Pétursson, teiknað á fimmta áratugnum.*